

4.skólaráðsfundur 14.mars 2023

Mættir: Lís Greipsson, Dóra Lind Pálmarsdóttir, Steinunn Porkelsdóttir, Erla Björnsdóttir, Sara María Ingólfssdóttir og Petra Eiríksdóttir.

Forföll: Ásdís Valsdóttir og Hildur Snorradóttir.

Dagskrá:

- 1. Áherslupunktur í hönnun og endurnýjun skólalóðar– hugarflug, ásamt því að taka saman niðurstöður foreldrafélags. Sendum frá okkur greinagerð á Umhverfissviðið.**

Stjórn foreldrafélags búið að senda til Lísu erindi sem var sent til fræðslunefndar. Skoðað á fundinum, Lís áætlaði að senda á hópinn allan. Einnig skoðuð skýrsla frá Páli Línali hönnuði sem tók út skólalóðina að beiðni stjórnar foreldrafélags. Lís áætlaði einnig að senda skýrsluna á allan hópinn. Leiktæki hafa verið fjarlægð af lóðinni sökum öryggismála eða viðhaldsmála en ekki hafa komið ný í staðinn á lóðina. Í dag er lóðin mjög tómleg og óspennandi. Í dag hafa nemendur 19,7 fm á nemanda til afnota sem er lang minnsta svæðið fyrir hvern nemanda af öllum skólalóðum í Mosfellsbæ.

Búið að stofna verkefnahóp hjá Mosfellsbæ til að skoða heildrænt skólalóðir í Mosfellsbæ. Höfum ekki upplýsingar um hverjir sitja í þessum verkefnahóp. Verkefnahópur á að gera þarfagreiningu og korleggja varðandi forgangsroðun.

Verkefnahópurinn fékk skýrslur foreldrafélagsins til að nýta við endurskoðun lóðarinnar. Skoða þarf endurhönnun heildstætt á lóðinni með tilliti til öryggismála, aðgengismála, nýtingar og afþreyingar.

Það þarf að hafa aðskilin verkefni varðandi öryggismál lóðar og betrum bætur lóðar. Lís áætlaði að leggja áherslu á þessa punkta.

Fyrir næsta fund yrðu punktar teknir saman úr ofangreindum greinargerðum sem einnig yrðu látin fylgja með greinagerð til verkefnahópsins.

Muna að vísa í heilsueflandi samfélag.

- 2. Óformlegt erindi frá foreldrafélagi v/frístundar– svar.**

Lís sendir svör frá Daníel forstöðumanni varðandi þessar athugasemdir á alla í skólaráði og við lesur og ræðum á næsta fundi.

Foreldrar merkja jákvæðar breytingar á starfi frístundar.

- 3. Ný vefsíða grunnskólans – staðan**

Kominn skriður á þetta verkefni. Búið að ráða verkefnastjóra, verða tveir aðilar í þessari vinnu. Sif Sturludóttir verður yfir verkefninu heimasíður grunnskólanna. Verið er að vinna að greiningu á útliti síðu, aðgangssöryggi og notendapælingum. Fyrstu tveir fasar snúa að hönnun, því á að vera lokið í ágúst, kynna á lokaútlit á síðum í ágúst. Síðan verður farið í forritun og samræmingu á uppsetningu síðum skólanna. Í janúar 2024 á að opna fyrsta

vefinn. Í lok þessa árs getur Lágafellsskóli farið í að setja efni af gömlu síðunni og inn á þá nýju. Verður gott að fá nýja síðu, hægt að miðla meiru og á betri hátt til foreldra og nemenda. Síðunni verður skipt í þrjá aðal flokka, starfsáætlun, skólanámsskrá og svo annað t.d. fréttir/tilkynningar.

4. Á döfinni, Upplestrarkeppni Mosfellsbæjar - 7.bekkur, Laxnesinn - 6.bekkur, Litla upplestrarkeppnin - 4.bekkur, árshátíð unglunga 18.apríl 8.-10.bekkur, vorhátíð 1.-6.bekka 4.maí.

Upplestrarkeppni Mosfellsbæjar verður með sama sniði og síðast, 7.bekkur tekur þátt. Undankeppni 9.mars og lokakeppni í kringum 30.mars.

Laxnes í 6.bekk, hefur verið í kringum afmæli höfundar. Í ár verður hún í kringum 27.apríl.

Litla upplestrarkeppnin hjá 4.bekk verður 28.apríl. 3 bekkur horfir á. Foreldrum 4.bekkinga boðið líka.

Skólahreysti í lok mars.

Páskabingó hjá 10.bekk í apríl.

Vorhátíð 1.-7.bekka 4.maí. Verður einn sýningardagur og þrjár stuttar sýningar. Ekki ljóst hverjir verða með veitingasölu.

Búið að fresta skíðaferð.

5. Önnur mál

a) Þrif í skólanum: Foreldrafélag spyr um stöðu þrifamála. Búið að koma frá heilbrigðiseftirlitinu og skoða. Setti ekki út á þrifin en benti á sérþrif á loftræstikerfi og fleira.

Lísa hefur ekki heyrt mikið af gagnrýni á þrif núna undanfarið.

Hinsvegar sjá foreldrar lítinn mun á anddyrum. Ekki þrifið þar sökum drasls en Lísa vísar því til skólans. Starfsmenn skólans bera ábyrgð á að nemendur gangi vel um í fataklefanum.

Samkvæmt Lísu eru þrifin í betri farvegi eftir að hún átti fund með stjórnendum þrifafyrirtækisins.

Lísa bíður eftir útboði vegna þrifa stofnana.

b) Ónýtt svæði innan skólans: Rætt var um ónýtt svæði innan skólans á ganginum. Foreldrafélag tilbúið að skoða með fjármögnun á umbótum þarna. Athuga þarf að fylgja öllum reglum vegna flóttaleiða og brunamála.

c) Síðmál: Skiptar skoðanir á milli kennara og foreldra. Foreldrafélag spyr hvort þau eigi að halda áfram með að skapa umræðu um þetta? Er komin stefna hjá skólanum varðandi þetta? Athuga umræðu sem var í Silfri Egils.

Lísa upplifði ekki mikinn áhuga hjá starfsmannahópnum að halda þessu til streitu að fá símalausan skóla.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið 17:50.